

FUNDARGERÐ

377. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 16. ágúst 2016 kl. 9.00 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Lóðin í Árskógum fyrstu skrefin tekin

Farið var yfir stöðuna. Leigusamningur um lóðina liggur nú fyrir undirritaður og ætti þá fátt vera til hindrunar því að hefja framkvæmdir. Verðhugmyndir jarðvergsverktaka eru í skoðun.

2. Baráttan framundan

Eftir yfirferð með fulltrúum Gráa hersins var ákveðið að Helgi Pé. verði þar í forsvari. Línan lögð fyrir haustið m.a. varðandi frumvarpið um breytingar á lögum um alm.tryggingar sem FEB skilaði ítarlegri umsögn um í sumar. Búið er að hitta fulltrúa stjórnmalaflokkanna. Ýmsar aðferðir um bætt kjör og leiðir ræddar. Velt upp „áherslufundi“/útifundi þegar og ef frumvarpið kemur inn í þingið. Aðrir möguleikar eru Fundur fólksins sem verður í Norræna húsinu 2.-3. sept. og svo fundur FEB / Gráa í Háskólabíó ca mánuði fyrir kosningar með fulltrúum stjórnmalaflokkanna sem hyggja á framboð.

Atriði sem áhersla verður lögð á af hálfu félagsins á þessu kosningahausti og fléttað verður inn í starf kjaranefndar félagsins;

- 300 þús króna lágmarkslaun fyrir alla
- Skerðingar í lögum um almannatryggingar verði afnumdar
- Skortur á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu
- Afturvirkni

3. Umræður um LEB og aðild

Formaður fór yfir fundi sem hann hefur átt. Tengsl og samstarf FEB og LEB rætt. Áréttuð sú skylda að fara vel með það fé sem FEB hefur til umráða og að stjórn telur að betur megi fara með fé innan LEB. Ítreka boð til LEB um að samnýta aðstöðu hér í Stangarhylnum. Einnig var rædd sú tillaga sem fyrir liggur frá félagsmanni um úrsögn FEB úr LEB og þann farveg sem sú tillaga fer í. Málið rætt og því ekki lokið.

4. Umsögn FEB um frumvarpið til breytingar á lögum um almannatryggingar

Starfsmaður TR sem vann fyrir nefndina að breytingartillögunum kemur á fund stjórnar fimmtudaginn 18. ágúst og er þar ráðgert að fara yfir umsögn FEB lið fyrir lið. Nokkur atriði rætt sérstaklega eins og krafan um 300 þús. kr lágmarkslaun og skerðingarákvæði sem enn eru inni og segja má að vinni þvert á einn tilgang laganna og hvatningu að fólk sé lengur á vinnumarmkaði.

5. Árskógar og byrjun samstarfsins

Hugmynd er að hafa hluta skrifstofu á báðum stöðum þ.e. hér í Stangarhyl og Árskógum þar sem nú er starfsmaður á vegum Rvk.borgar sem heldur utan um starfsemina þar.

Félagsstarfið í vetur yfirfarið lauslega.

6. Félagsstarfið í vetur

Hugmyndir sem fram hafa komið um ný námskeið og unnið er að og auglýst verða sérstaklega.

7. Önnur mál

* Hagkaup Holtagörðum sem er með sérstakan afsláttarsamning við FEB sem notið hefur vinsælda, þar er að verða breyting á en unnið er að nýjum/breyttum samningi félagsmönnum til hagsbóta sem þá verður kynnt sérstaklega.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.10.